

6. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.10 2010, kl. 14.00

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, oddviti setti fund kl 14.15 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. Laugarfell**
Verkfundargerð 08.09 og 22.09
Umhverfishönnun
- 3. Fjallaskarð**
- 4. Dvalarheimili aldraðra- endurnýjun samnings**
- 5. Samþykktir aðalfundar SSA 2010**
- 6. Endurskoðuð fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2010**
- 7. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1**
Skipulagsstofnun dags. 21.09
- 8. Bréf**
 - a) Skipulagsstofnun dags. 10.09
 - b) Umhverfisstofnun dags. 15.09
 - c) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 01.09
 - d) Umhverfisráðneytið dags. 01.09
 - e) Vatnajökulsþjóðgarður dags. 08.09
 - f) Starfsendurhæfing Austurlands 30.09
 - g) Orkustofnun 29.09
 - h) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 24.09
 - i) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands dags. 23.09
- 9. Umhverfisstyrkir**
Þórhallur Þorsteinsson
Jóhann F. Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir
Gunnar Jónsson og Bergljót Þórarinsdóttir
- 10. Fjár- og styrktarbeiðnir**
 - a) Íþróttasamband lögreglumanna 26.09(frestað 31.08)
 - b) Skrudda- Sveppabókin
 - c) Bókaútgáfan Hólar og SSA- Samstarf á Austurlandi
- 11. Fundargerðir**
 - a) Skógarorka 04.08, ásamt ársreikingi 2009 (frestað 31.08)
 - b) HAUST 18.08 (frestað 31.08)
 - c) Brunavarnir á Austurlandi (frestað 31.08)
 - d) HAUST 17.09
- 12. Önnur mál**

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti var í frú frá 6.sept til 10. september, varaoddviti annaðist afleysingu.

14. sept kynnti starfsmaður Þróunarfélagsins fyrir oddvita samstarfsverkefnið Smallest, sem Þróunarfélagið er þátttakandi í með nokkrum erlendum samstarfsaðilum. Verkefnið gengur útá bættu orkunýtingu.

Oddviti sat aðalfund SSA á Breiðdalsvík dagana 24. og 25. september og Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 29. sept til 1. október.

Einnig stjórnarfund Þróunarfélagsins 28. sept og 2 verkfundi í Laugarfelli 22. sept og 6. október.

Oddviti fól Árna Kristinssyni fulltrúa Fljótshreppa að fara með umboð Fljótshrepps á aðalfundi HAUST sem haldinn var á Djúpavogi 6. okt.

Samkvæmt eftirlitsskýrslu HAUST um seyrugryfju á Valbjófsstað, telur embættið tímabært að moka upp úr þeim gryfjum sem fyllstar eru og nýta sem áburð t.d. í nálægri skógrækt ,ef heimild fæst til að nota afurðina á þeim stað.

Þróunarfélagið hefur sent Fljótshreppi upplýsingar um verkefni „ Almenningsamgöngur í dreifbýli” sem félagið er þátttakandi í og vinnur að í samstarfi við erlenda aðila.

Vinnueftirlitið minnir á vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og stofnunum og Velferðarvaktin ályktar í upphafi skólaárs um mikilvægi þess að börn í skólum á þeirra vegum fái hádegisverð alla skóladaga.

Málefni, hagsmunasamtök foreldra barna og unglunga með tal-og málþroskaröskun hefur sent sveitarfélögum spurningarlista með ýmsum spurningum er varða fjárhagslega aðstoð vegna þjálfunarkostnaðar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent út til sveitarfélaga tvær handbækur sem Sambandið hefur látið vinna og er ætlað að nýtast við gerð skólafestu.

Félag ráðgjafa og stuðningsfulltrúa hefur sent bækling sem innheldur ýmis atriði, sem félagið vill að höfð séu í huga við flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Hérðasskjalavörður, Hrafnkell Lárusson hitti oddvita í Végarði 15. september , ræddi málefni safnsins og óskaði eftir góðu samstarfi hér eftir sem hingað til. Skilaskildir aðilar eins og sveitarfélög eru, geta fenið lánuð skjöl hjá safninu sé þess þörf. Hrafnkell afhenti skrá yfir skjöl sem tengjast Fljótshreppi. Hann benti á að þótt reglur um rafræna skjalavörslu séu í gildi er sveitarfélögum sjálfrátt um að ákveða hvort þau taki slíkt upp, en hans skoðun er að það sé mjög kostnaðarsamt. Héraðsskjalasafnið hefur verið með verkefni frá Þjóðskjalasafni og skapast hafa af því bæði tekjur og störf. Fyrir hönd safnsins óskaði Hrafnkell eftir að framlög til safnsins yrðu ekki skorin niður, og taldi að ef framlög til safnsins lækkuðu gæti það orðið til þess að ekki væri hægt að halda áfram með verkefni frá Þjóðskjalasafninu.

Að hvatningu Markaðsstofu Austurlands tóku sveitarfélög á svæðinu þátt í markaðsátaki með því að kaupa umfjöllun í tímaritinu Icelandic Times. Fljótshreppur var þar með ½ síðu og vann Skúli Björn Gunnarsson texta og lagði til myndefni.

Vegna vegagerðar í Norðurmúla þurfti Síminn að flytja símstreng sinn á tveimur stöðum. Einnig er útlit fyrir að færa þurfi jarðstrengi(rafmagns-og ljósleiðara) á um 100 m kafla við Glúmsstaði 1.

Framkvæmdir við lagningu jarðstrengja í Suðurdal eru hafnar, en liggja niðri eins og er þar sem Rarik hefur ekki rafstreng tiltækan. Vonast er til að strengurinn verði til reiðu um miðjan októbermánuð.

Landsvirkjun hefur setn skýrsluna LV-2010/062 „ Gróðurvöktun á Vesturörfæfum, Kringilsárrana og Fljótshreppi með notkun gerfitunglamynda, samanburður mill ára 2002,2007 og 2008

Undirritaður ársreikningur Dvalar-og hjúkrunarheimilis aldraðra fyrir árið 2009 hefur borist sveitarfélaginu.

2. Laugarfell.

Verkfundargerð 08.09 og 22.09. Kynntar og samþykktar.

Umhverfishönnun. Samþykkt að fela oddvita að ræða við valdann aðila um umhverfishönnun umhverfis skála við Laugarfell.

3. **Fjallaskarð.** Rætt um byggingarframkvæmdir í Fjallaskarði. Sótt hefur verið um byggingarleyfi til Fljótsdalshéraðs.
4. **Dvalarheimili aldraðra- endurnýjun samnings.** Oddvita falið að skrifa undir nýjan samning fyrir hönd sveitarfélagsins.
5. **Samþykktir aðalfundar SSA 2010.** Kynntar.
6. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2010.** Kynnt og samþykkt samhljóða. Áætlað er að rekstarafgangur af A og B hluta verði um 19 millj. Fjármagnsliðir jákvæðir um 23 millj og afskriftir eru áætlaðar 10,3 millj. Fjárfestingar verði 260 millj. og handbært fé í árslok um 250 millj. Óljóst er hvort öllum áætluðum fjárfestingumframkvæmdum verður lokið fyrir áramót og gæti hluti þeirra færst á milli ára.
7. **Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1.** Skipulagsstofnun dags. 21.09. Skipulagsstofnun gerir ýmsar athugasemdir við skipulagið. Oddvita falið að yfirfara þessar ábendingar í samráði við Mannvit, sem vann deiliskipulagið.
8. **Bréf**
 - a. Skipulagsstofnun dags. 10.09. Kynnt. Varðar gerð nýrrar skipulagsreglugerðar.
 - b. Umhverfisstofnun dags. 15.09. Kynnt. Boðað til ársfundar Umhverfisstofnunar og náttúruvernarnefnda sveitarfélaga.
 - c. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 01.09. Kynnt. Varðar stefnumótun sveitarfélaga í skólamálum.
 - d. Umhverfisráðneytið dags. 01.09. Kynnt. Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 vegna frístundabyggðar á Víðivöllum ytri I.
 - e. Vatnajökulsþjóðgarður dags. 08.09. Kynnt. Varðar stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
 - f. Starfsendurhæfing Austurlands 30.09. Kynnt. Kynning á starfseminni og boðað til fundar stofnaðila.
 - g. Orkustofnun 29.09. Kynnt. Stofnunin minnir á tilkynningarskyldu jarðborana
 - h. Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 24.09. Kynnt. Varðar reglur um ráðningar starsmanna sveitarfélaga.
 - i. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands dags. 23.09. Kynnt. Varðar greiðslur til sjóðsins. Sveitarstjórn samþykkir að greiða framlag til sjóðsins á árinu 2011 í samræmi við reglur sjóðsins.

9. Umhverfisstyrkir

Þórhallur Þorsteinsson. Óskað eftir frekari upplýsingum.

Jóhann vék af fundi.

Jóhann F. Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir. Umsókn samþykkt.

Jóhann kom aftur til fundar.

Gunnar Jónsson og Bergljót Þórarinsdóttir. Umsókn samþykkt.

10. Fjár- og styrktarbeiðnir

- a. Íþróttasamband lögreglumanna 26.09(frestað 31.08). Hafnað.
- b. Skrudda- Sveppabókin. Samþykkt að kaupa tíu eintök til gjafa. Samtals kr. 78.000-
- c. Bókaútgáfan Hólar og SSA- Samstarf á Austurlandi. Samþykkt að kaupa þrjár bækur. Samtals kr. 17.940-

11. Fundargerðir

- a. Skógarorka 04.08, ásamt ársreikingi 2009. Kynnt.
- b. HAUST 18.08. Kynnt.
- c. Brunavarnir á Austurlandi. Kynnt.
- d. HAUST 17.09. Kynnt.

12. Önnur mál.

- a) Jóhann minnir á að sveitarstjórnnum er skylt að yfirfara aðalskipulag eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.
- b) Byggingarfulltrúi, Úlfar Trausti Þórðarson hefur tilkynnt að hann taki við nýju starfi hjá Fljótsdalshéraði 25. október og að ekki væri talið að það samræmist byggingarfulltrúastarfi Fljótsdalshrepps. Úlfar mun starfa áfram sem byggingarfulltrúi þar til nýr hefur verið ráðinn.
- c) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin í Rvík 14. og 15. okt. Og ársfundur Jöfnunarstjóðs 15. okt. Oddviti ætlar að fara á ráðstefnuna og sitja ársfundinn.
- d) Boðað er til Hamfararáðstefnu í Rvík 21. okt.
- e) Rætt var um málefni Barra.
- f) Samþykkt eftirfarandi ályktun vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í framlögum ríkisins til Heilbrigðisstofnunar Austurlands:

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps mótmælir harðlega boðuðum niðurskurði sem settur er fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Gangi niðurskuðurinn eftir mun það óhjákvæmilegaleiða til mikillar fækkunar starfa og skertrar þjónustu fyrir íbúa Austurlands. Þá mótmælir sveitarstjórn sérstaklega þeirri hugmyndafræði sem birtist í frumvarpinu að leggja beri niður störf vel menntaðra heilbrigðisstarfsmanna á landsbyggðinni og færa þau til höfuðborgarinnar. Sveitarstjórn skorar á þingmenn og ráðherra að endurskoða þessa ákvörðun og tryggja stofnuninni eðlilegt rekstrarfé.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.03.

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)